

AUGLÝSING

um breytingar á viðskiptasamningi við Bretland.

Hinn 23. október 1989 var 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. viðskiptasamkomulags frá 19. maí 1933 milli Íslands og Bretlands sagt upp, ásamt bókun við samkomulagið, að því er varðaði Sameinaða konungsríkið, Mön og Ermarsundseyjarnar, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 106/1933 þar sem samkomulagið er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. október 1989.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

30. nóvember 1989

Nr. 19

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Hinn 24. nóvember 1989 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir sem undirritaður var í Helsinki 12. september 1989. Samningurinn öðlast gildi 31. desember 1989. Norðurlandasamningur frá 18. febrúar 1987 til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8 og 26/ 1988, fellur úr gildi í samræmi við 31. gr. samningsins.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. nóvember 1989.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir

Ríkisstjórn Danmerkur ásamt landsstjórn Færeyja og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem æskja þess að gera samning til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir,

sem gera sér ljóst að því er Færeyjar varðar að framkvæmd þeirra mála sem samningur þessi tekur til heyrir undir sjálfstjórnarvaldsvið Færeyja, jafnvel í samskiptum við útlönd,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar sem samningurinn tekur til

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í einu eða fleiri aðildarríkjanna.

2. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til

1. Samningur þessi tekur til skatta af tekjum og eignum sem eru álagðir vegna aðildarríkis, opinbers aðila eða sveitarstjórnar í því án tillits til þess á hvern hátt þeir eru álagðir.

2. Til skatta af tekjum og eignum teljast allir skattar sem lagðir eru á heildartekjur, heildareignir eða á þætti tekna og eigna, þar með taldir skattar af ágóða vegna sölu lausafjár eða fasteigna, svo og skattar af verðmætisaukningu.

3. Gildandi skattar sem samningurinn tekur til eru þessir:

a) Í Danmörku:

- 1) tekjuskattur til ríkisins;
- 2) tekjuútsvar til sveitarfélaga;
- 3) tekjuútsvar til amta;
- 4) sérstakur tekjuskattur;
- 5) kirkjuskattur;
- 6) ágóðahlutaskattur;
- 7) vaxtaskattur;
- 8) skattur af þóknunum;
- 9) skattar samkvæmt ákvæðum kolvetnisskattalaganna (kulbrinteskatteloven); og
- 10) eignarskattur til ríkisins (hér eftir nefndir „danskur skattur“).

b) Í Færeyjum:

- 1) skattur í landssjóð;
- 2) útsvar til sveitarfélaga;
- 3) kirkjuskattur;
- 4) ágóðahlutaskattur; og
- 5) skattur af þóknunum (hér eftir nefndir „færeyskur skattur“).

c) Í Finnlandi:

- 1) tekju- og eignarskattur til ríkisins;
- 2) útsvar til sveitarfélaga;
- 3) kirkjuskattur; og
- 4) afdráttarskattur (hér eftir nefndir „finnskur skattur“).

d) Á Íslandi:

- 1) tekjuskattur til ríkisins;
- 2) útsvar til sveitarfélaga; og
- 3) eignarskattur til ríkisins (hér eftir nefndir „íslenskur skattur“).

e) Í Noregi:

- 1) tekju- og eignarskattur til ríkisins;
- 2) tekju- og eignarútsvar til sveitarfélaga;
- 3) tekjuskattur til fylkjanna;
- 4) tekjuskattur til skattajöfnunarsjóðs;
- 5) skattar samkvæmt ákvæðum kolvetnisskattalaganna (petroleumsskatteloven); og
- 6) gjald til ríkisins af þóknun til erlendra listamanna (hér eftir nefndir „norskur skattur“).

f) Í Svíþjóð:

- 1) tekjuskattur til ríkisins, þar með talinn sjómannaskattur og afdráttarskattur af arðmiðum;
- 2) gjald lagt á þá sem koma fram í atvinnuskyni til að skemmta almenningi (bevillningsavgiften för vissa offentliga föreställningar);
- 3) skattur á óúthlutaðan ágóða félaga (ersättningsskatten);
- 4) skattur á úthlutaða eignarhlutdeild í félögum (utskiftningsskatten);
- 5) skattur til að fjármagna launþegasjóði (vinstdelningsskatten);
- 6) tekjuútsvar til sveitarfélaga; og
- 7) eignarskattur til ríkisins (hér eftir nefndir „sænskur skattur“).

4. Samningurinn tekur einnig til skatta sömu eða svipaðrar tegundar sem lagðir verða á eftir undirritun samnings þessa til viðbótar eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Að því er Færeyjar varðar tekur samningurinn einnig til almenns skatts á eignir sem Færeyjar gætu komið til með að taka upp eftir undirritun samnings þessa. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu gefa hvert öðru upplýsingar um meiri háttar breytingar sem gerðar verða á skattalögum hvers aðildarríkis um sig.

5. Samningurinn tekur ekki, að því er neitt aðildarríkjanna varðar, til sérstakra skatta af ágóða af happdrætti og veðmálum eða skatta af arfi eða gjöfum.

3. gr.

Almennar skilgreiningar

1. Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:
- a) hugtakið „aðildarríki“ merkir Danmörku, Finnland, Ísland, Noreg og Svíþjóð; við beitingu samnings þessa tekur hugtakið einnig til hins sjálfstjórnandi þjóðfélags Færeyja innan danska ríkisins; í þeim tilvikum að ákvæði samningsins snerta einungis samskipti milli Danmerkur og Færeyja notast hugtökin „hluti af ríkinu“ og „hinn hluti ríkisins“ eftir því sem samhengið krefst; hugtakið tekur einnig til sérhvers svæðis utan landhelgi hvers ríkis þar sem ríkið samkvæmt löggjöf sinni og í samræmi við þjóðarétt á rétt til rannsóknar og hagnýtingar á náttúruauðlindum á hafsbotni eða í honum; „Danmörk“ tekur ekki til Færeyja og Grænlands; „Finnland“ tekur ekki til landsvæðisins Álands að því er varðar finnskt útsvar til sveitarfélaga; „Noregur“ tekur ekki til Svalbarða (þ.m.t. Bjarnarey), Jan Mayen og norskra svæða („biland“) utan Evrópu;
 - b) „aðili“ merkir mann, félag og hvers konar önnur samtök;
 - c) „félag“ merkir lögaðila eða hvern þann annan sem talinn er lögaðili að því er skatta varðar;
 - d) „fyrirtæki í aðildarríki“ og „fyrirtæki í öðru aðildarríki“ merkir annars vegar fyrirtæki sem rekið er af aðila, heimilisföstum í einu aðildarríki og hins vegar fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í öðru aðildarríki;
 - e) „ríkisborgari“ merkir mann sem á ríkisfang í aðildarríki; maður sem er danskur ríkisborgari og sem hefur heimilisfesti í Færeyjum samkvæmt heimastjórnarlögum telst við beitingu samningsins einungis eiga ríkisborgararétt í Færeyjum. Hugtakið merkir einnig lögaðila eða önnur samtök sem stofnað er til samkvæmt lögum sem gilda í aðildarríkinu;
 - f) „flutningar á alþjóðaleiðum“ merkir við beitingu samningsins í aðildarríki flutninga með skipi eða loftfari sem notað er af fyrirtæki sem hefur raunverulega framkvæmdastjórn í öðru aðildarríki, nema því aðeins að skipið eða loftfarið sé eingöngu notað í förum milli stada í fyrrnefnda ríkinu;
 - g) „bær stjórnvöld“ merkir:
 - 1) í Danmörku: skattamálaráðherra;
 - 2) í Færeyjum: landsstjórnina;
 - 3) í Finnlandi: fjármálaráðuneytið;
 - 4) á Íslandi: fjármálaráðherra;
 - 5) í Noregi: fjármála- og tollaráðuneytið;
 - 6) í Svíþjóð: fjármálaráðherra;
 eða það stjórnvald í hverju þessara ríkja sem falið er að annast málefni varðandi samninginn.
2. Við beitingu aðildarríkis á samningnum skal, nema annað leiði af samhenginu, sérhvert hugtak sem ekki er skilgreint í samningnum hafa þá merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt löggjöf hlutaðeigandi ríkis varðandi þá skatta sem samningurinn tekur til.

4. gr.

Heimilisfesti

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „aðili heimilisfastur í aðildarríki“ aðila sem að lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna heimilisfesti, búsetu, stjórnaraðseturs eða af öðrum svipuðum ástæðum. Hugtakið tekur þó ekki til aðila sem er skattskyldur í þessu ríki einungis af tekjum sem eiga uppruna sinn þar eða af eignum sem þar eru.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í fleiri en einu aðildarríki samkvæmt 1. tl. skal úrskurða um heimilisfesti hans eftir neðangreindum reglum:

- a) maður telst heimilisfastur í því ríki þar sem hann á fast heimili; eigi hann fast heimili í fleiri ríkjum telst hann heimilisfastur í því ríki sem hann er nánast tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);

- b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvaða ríki maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna eða ef hann á ekki fast heimili í neinu ríkjanna telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem hann dvelst að jafnaði;
- c) ef maður dvelst að jafnaði í fleiri en einu ríkjanna eða dvelst ekki að jafnaði í neinu þeirra telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem hann á ríkisfang;
- d) ef maður á ríkisfang í fleiri en einu ríkjanna eða í engu þeirra skulu bær stjórnvöld hlutaðeigandi aðildarríkja leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Þegar aðili, annar en maður, telst heimilisfastur í fleiri en einu aðildarríki samkvæmt 1. tl. telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur aðsetur.

5. gr.

Föst atvinnustöð

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð“ fasta atvinnustofnun þar sem starfsemi fyrirtækisins fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. Hugtakið „föst atvinnustöð“ merkir einkum:

- a) aðsetur framkvæmdastjórnar;
- b) útibú;
- c) skrifstofu;
- d) verksmiðju;
- e) verkstæði;
- f) námu, olíu- eða gaslind, grjótnámu eða annan stað þar sem náttúruauðæfi eru nýtt.

3. Byggingar-, mannvirkja-, samsetningar- eða uppsetningarframkvæmd eða starfsemi, sem felur í sér hönnun, eftirlit, ráðgjöf eða aðra aðstöð eða framlag starfslíðs í sambandi við slíka framkvæmd, telst því aðeins föst atvinnustöð að framkvæmdin eða starfsemin vari lengur en tólf mánuði í aðildarríki.

4. Við ákvörðun þess tímabils sem um ræðir í 3. tl. skoðast starfsemi, sem rekin er af fyrirtæki sem tengt er öðru fyrirtæki, vera rekin af því fyrirtæki sem það er tengt, svo framarlega sem starfsemin er að verulegu leyti sams konar og sú starfsemi sem síðarnefnda fyrirtækið rekur og starfsemi beggja fyrirtækjanna tengist sömu framkvæmdinni. Fyrirtæki teljast tengd ef annað fyrirtækið tekur beint eða óbeint þátt í stjórn eða yfirráðum hins fyrirtækisins eða á verulegan hluta af fjármagni þess fyrirtækis eða ef sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum beggja fyrirtækjanna eða eiga verulegan hluta af fjármagni þessara fyrirtækja.

5. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:

- a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum í eigu fyrirtækisins;
- b) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til geymslu, sýningar eða afhendingar;
- c) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;
- d) fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð við vörukaup eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;
- e) fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;
- f) fastrar atvinnustofnunar sem nýtt er eingöngu til að samhæfa starfsemi sem fellur undir stafliði a) – e), enda felist öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu atvinnustofnun vegna þessarar samhæfingar í undirbúnings- eða aðstoðarstörfum.

6. Ef aðili sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt ákvæðum 7. tl. hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild í aðildarríki til að gera samninga fyrir fyrirtækið og notar hana reglulega er fyrirtæki þetta – þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. – talið hafa fasta atvinnustöð í því ríki vegna hvers konar starfsemi sem hann gegnir fyrir fyrirtækið. Þetta á þó ekki við ef starfsemi sem þessi aðili annast fellur undir og takmarkast af ákvæðum 5. tl. og mundi ekki gera þessa föstu atvinnustofnun að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum téðs tölulíðar þótt hún væri innt af hendi á fastri atvinnustofnun.

7. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í aðildarríki þótt það reki þar viðskipti fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma þá innan marka venjulegs atvinnurekstrar þeirra.

8. Þótt félag sem er heimilisfast í aðildarríki stjórnri eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í öðru aðildarríki eða félagi sem stundar atvinnurekstur í öðru aðildarríki (annaðhvort frá fastri atvinnustöð eða á annan hátt) leiðir það eitt sér ekki til þess að annað hvort félagið sé föst atvinnustöð hins.

6. gr.

Tekjur af fasteign

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði og nýtingu skógar) í öðru aðildarríki má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. a) Hugtakið „fasteign“ hefur, nema annað leiði af ákvæðum staflidar b), sömu merkingu og hugtakið hefur samkvæmt lögum þess aðildarríkis þar sem fasteignin er.

b) Hugtakið „fasteign“ felur þó í öllum tilvikum í sér fylgifer með fasteign, áhöfn og tæki sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnýtingu, byggingar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttarins, afnotarétt af fasteign og rétt til breytilegrar eða fastrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu á eða rétt til hagnýtingar á námum, lindum eða öðrum náttúruauðæfum.

3. Ákvæði 1. tl. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu eða hvers konar öðrum afnotum fasteignar.

4. Ef hlutabréfaeign eða önnur hlutareign í félagi, sem hefur að höfuðmarkmiði að eiga fasteign, veitir eiganda hlutabréfanna eða hlutanna rétt til að nýta fasteign í eigu félagsins má skattleggja tekjur af beinum notum, leigu eða annarri hagnýtingu afnotaréttar í því aðildarríki þar sem fasteignin er.

5. Ákvæði 1. og 3. tl. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis og um tekjur af fasteign sem hagnytt er við sjálfstæða starfsemi.

7. gr.

Hagnaður af atvinnurekstri

1. Hagnaður fyrirtækis í aðildarríki af atvinnurekstri er einungis skattskyldur í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í öðru aðildarríki frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíkan atvinnurekstur með höndum má leggja skatt á hagnað fyrirtækisins í síðarnefnda ríkinu, en þó einungis þann hluta hans sem stafar frá hinni föstu atvinnustöð.

2. Þegar fyrirtæki í aðildarríki hefur með höndum atvinnurekstur í öðru aðildarríki frá fastri atvinnustöð þar skal hvert aðildarríki, nema annað leiði af ákvæðum 3. tl., ákvarða föstu atvinnustöðinni þann hagnað sem ætla má að fallið hefði í hennar hlut ef hún hefði verið sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi sjálfstætt fram í skiptum við fyrirtæki það sem hún er föst atvinnustöð fyrir.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld sem leiða af því að hún er föst atvinnustöð, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og venjulegan stjórnunar-kostnað, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í aðildarríki að ákvarða hagnað fastrar atvinnustöðvar á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins á hina ýmsu hluta þess, skal ekkert í ákvæðum 2. tl. útiloka það aðildarríki frá því að ákvarða skattskyldan hagnað með þeim hætti. Aðferð sú sem notuð er við skiptinguna skal samt sem áður vera slík að niðurstaðan verði í samræmi við meginreglur þessarar greinar.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna vörukaupa hennar fyrir fyrirtækið.

6. Við beitingu ákvæða framangreindra tölulíða skal hagnaður sem talinn er fastri atvinnustöð ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema fullnægjandi ástæða sé til annars.

7. Þegar hagnaður af atvinnurekstri felur í sér tekjur sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum samnings þessa skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.

Siglingar og loftferðir

1. Hagnaður fyrirtækis í aðildarríki af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

2. Ef aðsetur raunverulegrar framkvæmdastjórnar útgerðarfyrirtækis er um borð í skipi skal telja aðsetur hennar vera í því aðildarríki þar sem útgerðarmaður skipsins er heimilisfastur.

3. Hagnaður fyrirtækis í aðildarríki af notkun, viðhaldi eða útleigu gáma (þ.m.t. dráttarvagn og annar útbúnaður til flutnings á gámum) sem notaðir eru til flutnings á efni eða vörum skal einungis skattlagður í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur, nema gámarnir séu eingöngu notaðir milli staða í öðru aðildarríki.

4. Ákvæði 1. og 3. tl. eiga einnig við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu („pool“), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

9. gr.

Tengd fyrirtæki

1. Þegar:

- a) fyrirtæki í aðildarríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis í öðru aðildarríki eða á hluta af fjármagni þess, eða
- b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis í aðildarríki, svo og fyrirtækis í öðru aðildarríki, eða eiga hluta af fjármagni þeirra

skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Ef hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða ákveða skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru hvort öðru óháð má telja allan hagnað, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, sem hagnað þess fyrirtækis og skattleggja hann í samræmi við það.

2. Rísi upp mál í aðildarríki sem ákvæði 1. tl. taka til skal bæru stjórnvaldi í öðru aðildarríki sem málið varðar gert aðvart svo að það megi íhuga hvort breyta skuli uppgjöri á hagnaði fyrirtækis sem heimilisfast er í því ríki. Ef svo ber undir geta bær stjórnvöld gert samkomulag um skiptingu hagnaðarins.

10. gr.

Ágóðahlutir

1. Ágóðahluti sem félag heimilisfast í aðildarríki greiðir aðila heimilisföstum í öðru aðildarríki má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar viðtakandi ágóðahluta er heimilisfastur í aðildarríki en hefur fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í öðru aðildarríki en þar sem hann er heimilisfastur og hlutareignin sem af eru greiddir ágóðahlutirnir er raunverulega bundin við atvinnurekstur sem rekinn er af hinni föstu atvinnustöð eða við sjálfstæða starfsemi sem stunduð er í hinni föstu stofnun, mega, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl., ágóðahlutir sem félag heimilisfast í aðildarríki greiðir slíkum viðtakanda skattleggjast samkvæmt ákvæðum 7. gr. eða 14. gr., eftir því sem við á, í því aðildarríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stofnunin er.

3. Ágóðahluti sem félag heimilisfast í aðildarríki greiðir aðila heimilisföstum í öðru aðildarríki má einnig skattleggja í því aðildarríki þar sem félagið sem ágóðahlutina greiðir er heimilisfast samkvæmt löggjöf þess ríkis, en sá skattur sem þannig er álagður má að hámarki vera 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna. Slíkir ágóðahlutir skulu þó vera undanþegnir skattlagningu í fyrrnefnda ríkinu ef viðtakandinn er félag (að undanskildum samtökum aðila og dánarbúum) sem á beint að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem ágóðahlutina greiðir. Þrátt fyrir ákvæði annars málslíðar þessa tölulíðar mega Færeyjar þó einnig skattleggja ágóðahluti sem greiddir eru af félagi heimilisföstu í Færeyjum samkvæmt færeyskri löggjöf, en ef viðtakandinn er félag (að undanskildum samtökum aðila og dánarbúum) sem á beint að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem ágóðahlutina greiðir má sá skattur sem þannig er álagður vera að hámarki 5 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna.

4. Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. má hækka íslenskan skatt af ágóðahlutum í að hámarki 15 af hundraði, að svo miklu leyti sem slíkir ágóðahlutir hafa verið dregnir frá tekjum félagsins, sem ágóðahlutina greiddi, við álagningu íslensks skatts.

5. Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. má hækka norskan skatt af ágóðahlutum í að hámarki 15 af hundraði. Þetta ákvæði gildir meðan norskum félögum er heimill frádráttur vegna úthlutaðs ágóða við álagningu skatta til ríkisins.

6. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu gera með sér samkomulag um hvernig beita skuli takmörkunum samkvæmt 3.–5. tl.

Ákvæði 3. - 5. tl. eru óviðkomandi skattlagningu félags af ágóða sem ágóðahlutirnir eru greiddir af.

7. Hugtakið „ágóðahlutir“ merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum eða öðrum réttindum, sem ekki eru skuldakröfur, sem veita rétt til hlutdeildar í ágóða, svo og aðrar tekjur frá félögum sem við skattlagningu er farið með á sama hátt og tekjur af hlutabréfum samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem félagið sem úthlutunina greiddi er heimilisfast.

8. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. skulu ágóðahlutir greiddir af félagi heimilisföstu í aðildarríki til félags heimilisfasts í öðru aðildarríki en Danmörku, Færeyjum, Finnlandi eða Svíþjóð vera undanþegnir skattlagningu í síðarnefnda ríkinu að svo miklu leyti sem þeir hefðu verið það samkvæmt löggjöf þess ríkis hefðu bæði félögin verið heimilisföst þar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. skulu ágóðahlutir greiddir af félagi heimilisföstu í öðru aðildarríki en Danmörku til félags heimilisfasts í Danmörku vera undanþegnir skattlagningu í Danmörku samkvæmt danski löggjöf.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. skulu ágóðahlutir greiddir af félagi heimilisföstu í öðru aðildarríki en Finnlandi til félags heimilisfasts í Finnlandi vera undanþegnir skattlagningu í Finnlandi ef viðtakandinn ræður beint yfir að minnsta kosti 10 af hundraði atkvæðamagns í félaginu sem greiðir ágóðahlutina.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. skulu ágóðahlutir greiddir af félagi heimilisföstu í öðru aðildarríki en Svíþjóð til félags heimilisfasts í Svíþjóð vera undanþegnir skattlagningu í Svíþjóð í þeim mæli sem ágóðahlutirnir hefðu verið undanþegnir skattlagningu samkvæmt sænskum lögum ef bæði félögin hefðu verið sænsk félög. Slíkt skattfrelsi veitist þó aðeins ef:

- a) hagnaðurinn sem af eru greiddir ágóðahlutirnir hefur í hinu aðildarríkinu eða í einhverju öðru ríki sætt álagningu almenns tekjuskatts félaga; eða
- b) ágóðahlutirnir sem greiddir eru af félaginu sem er heimilisfast í hinu aðildarríkinu eru eingöngu eða svo til eingöngu fölgirnir í ágóðahlutum sem þetta félag, á því ári sem um er að ræða eða á fyrri árum, hefur mótttekið af hlutabréfum eða félagsréttindum sem félagið á í félagi heimilisföstu í þriðja ríki og sem hefðu átt að vera undanþegnir sænskum skatti ef hlutabréfin eða félagsréttindin, sem af voru greiddir ágóðahlutirnir, hefðu verið í beinni eigu félagsins sem er heimilisfast í Svíþjóð.

Í þeim mæli sem ágóðahlutir, sem félag heimilisfast í Danmörku eða í Færeyjum hefur greitt á tekjuári til félags heimilisfasts í öðru aðildarríki, svarar til ágóðahluta, sem fyrrnefnda félagið hefur hlotið beint eða fyrir milligöngu lögaðila á sama tekjuári eða fyrri, af hlutabréfum eða öðrum félagsréttindum í félagi heimilisföstu í þriðja ríki, gildir undanþága frá skattlagningu í öðru aðildarríki samkvæmt 1. mgr. því aðeins:

- a) að ágóðahlutirnir sem mynduðust af hlutabréfum eða félagsréttindum í félagi heimilisföstu í þriðja ríki séu skattlagðir í Danmörku eða í Færeyjum, eftir því sem við á, eða;
- b) ef svo er ekki, að ágóðahlutirnir hefðu átt að vera undanþegnir skatti í öðru aðildarríki ef hlutabréfin eða félagsréttindin í félagi heimilisföstu í þriðja ríki væru í beinni eigu félagsins í fyrrnefnda aðildarríkinu.

Um ágóðahluti frá félagi heimilisföstu á Íslandi til félags heimilisfasts í öðru aðildarríki gildir undanþága frá skattlagningu í öðru aðildarríki samkvæmt 1. mgr. aðeins að því leyti sem ágóðahlutirnir eru ekki frádráttarberir frá tekjum íslenska félagsins við ákvörðun íslensks skatts.

9. Þrátt fyrir ákvæðin í 3.–5. tl. geta bær stjórnvöld í aðildarríkjunum gert samkomulag um að ágóðahlutir, sem falla til stofnunar, nafngreindrar í samkomulaginu, með líknarstarfsemi eða önnur almannaheill að markmiði sem undanþegin er skatti af ágóðahlutum samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem stofnunin er heimilisföst, skuli í öðru aðildarríki vera undanþegnir skatti af ágóðahlutum frá félagi í því ríki.

10. Ef félag heimilisfast í aðildarríki fær tekjur frá öðru aðildarríki getur síðarnefnda ríkið hvorki skattlagt ágóðahluti sem félagið greiðir nema að því leyti sem ágóðahlutirnir eru greiddir aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin sem af eru greiddir ágóðahlutirnir er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í síðarnefnda ríkinu né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað félagsins. Þetta gildir jafnt þótt ágóðahlutirnir eða óúthlutaði hagnaðurinn séu að öllu eða nokkru leyti tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

11. Hugtakið „samtök aðila“ í þessari grein merkir:

- a) varðandi Danmörku: „interessentskab“, „kommanditselskab“ og „partrederi“;
- b) varðandi Færeyjar: „interessentskab“, „kommanditselskab“ og „partrederi“;
- c) varðandi Finnland: „öppet bolag“, „kommanditbolag“, „partrederibolag“ og önnur samtök sem getið er í 1. mgr. 5. gr. laga um skatt af tekjum og eignum (1240/88) þegar þau eru ekki skattlögð sem sjálfstæðir skattaðilar;
- d) varðandi Ísland: sameignarfélög og samlög sem ekki eru skattlögð sem sjálfstæðir skattaðilar;
- e) varðandi Noreg: hvers konar samtök önnur en „aksjeselskap“;
- f) varðandi Svíþjóð: „handelsbolag“, „kommanditbolag“ og „enkelt bolag“, þegar þau eru ekki skattlögð sem sjálfstæðir skattaðilar.

11. gr.

Vextir

1. Vexti sem myndast í aðildarríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í öðru aðildarríki skal einungis skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar viðtakandi vaxta er heimilisfastur í aðildarríki en hefur fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í öðru aðildarríki en þar sem hann er heimilisfastur og krafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við atvinnurekstur sem rekinn er af hinni föstu atvinnustöð eða við sjálfstæða starfsemi sem stunduð er á hinni föstu stofnun, mega, þrátt fyrir ákvæði 1. tl., vextir sem myndast í aðildarríki og greiddir eru slíkum viðtakanda skattleggjast samkvæmt ákvæðum 7. gr. eða 14. gr., eftir því sem við á, í því aðildarríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stofnunin er.

3. Hugtakið „vextir“ merkir í þessari grein tekjur af hvers konar kröfu án tillits til þess hvort hún er tryggð með veði í fasteign eða ekki. Hugtakið tekur sérstaklega til tekna af ríkisskuldabréfum og tekna af öðrum skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og ágóði tengdur slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum. Dráttarvextir vegna vanskila teljast ekki vextir samkvæmt þessari grein.

4. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og viðtakanda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, vaxtafjárhæðin er hærri, miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af, en sú vaxtafjárhæð sem greiðandi og viðtakandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal skattleggja fjárhæðina sem umfram er samkvæmt löggjöf hvers hlutaðeigandi aðildarríkis að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

12. gr.

Þóknun

1. Þóknun sem myndast í aðildarríki og greidd er aðila heimilisföstum í öðru aðildarríki skal einungis skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar viðtakandi þóknunar er heimilisfastur í aðildarríki en hefur fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í öðru aðildarríki en þar sem hann er heimilisfastur og réttindin eða eignin sem þóknunin stafar frá eru raunverulega bundin við atvinnurekstur sem rekinn er af hinni föstu atvinnustöð eða við sjálfstæða starfsemi sem stunduð er á hinni föstu stofnun, má, þrátt fyrir ákvæði 1. tl., þóknun sem myndast í aðildarríki og greidd er slíkum viðtakanda skattleggjast samkvæmt ákvæðum 7. gr. eða 14. gr., eftir því sem við á, í því aðildarríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stofnunin er.

3. Hugtakið „þóknun“ merkir í þessari grein hvers konar greiðslu sem tekið er við sem endurgjald fyrir afnot eða rétt til að hagnýta hvers konar höfundarrétt á bókmennta-, lista- eða vísindasviðinu (þar með taldar kvikmyndir og mynd- og hljóðsegulbönd fyrir hljóðvarps- og sjónvarpsendingar), einkaleyfi, vörumerki, mynstur eða líkón, áætlanir, leynilega formúlu eða framleiðsluáferð, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

4. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og viðtakanda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, fjárhæð þóknunarinnar er hærri, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem hún er greiðsla fyrir, en sú fjárhæð sem greiðandi og viðtakandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal skattleggja fjárhæðina sem umfram er samkvæmt löggjöf hvers hlutaðeigandi aðildarríkis að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum

1. Hagnað sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hlýtur af sölu fasteignar sem nánar er skilgreind í 2. tl. 6. gr. sem er í öðru aðildarríki, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hagnað sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hlýtur af sölu hlutabréfa eða annarra hlutareigna, sbr. 4. tl. 6. gr., má skattleggja í því aðildarríki þar sem fasteignin er.

3. Hagnað sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareigna fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í öðru aðildarríki eða lausafjár sem tilheyrir fastri stofnun sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur til þess að leysa af hendi sjálfstæða starfsemi í öðru aðildarríki, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stofnun.

4. Hagnað sem hlýst af sölu skips eða loftfars sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum af fyrirtæki í aðildarríki, eða lausafjár sem tengt er notkun slíks skips eða loftfars, skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

5. Hagnað sem hlýst af sölu gáma (þ.m.t. dráttarvagn og annar útbúnaður til flutnings á gámum) sem notaðir eru af fyrirtæki í aðildarríki til flutnings á efni eða vörum skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur, nema gámarnir séu eingöngu notaðir milli staða í öðru aðildarríki.

6. Hagnað sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í 1.–5. tl. skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

7. Þrátt fyrir ákvæði 6. tl. má aðildarríki skattleggja hagnað sem aðili heimilisfastur í öðru aðildarríki hlýtur af sölu hlutabréfa eða annarra hlutareigna í félagi með heimilisfesti í fyrrnefnda ríkinu, ásamt hagnaði sem hlýst af sölu annarra skuldabréfa sem við skattlagningu í því ríki er með farið á sama hátt og hagnað sem hlýst af sölu slíkra hlutabréfa eða annarra hlutareigna.

14. gr.

Sjálfstæð starfsemi

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur af sjálfstæðri starfsemi eða öðru sjálfstæðu starfi skal einungis skattleggja í því ríki. Samt sem áður má skattleggja slíkar tekjur í öðru aðildarríki ef:

- a) hann hefur í því ríki fasta stofnun þar sem hann getur stundað starfsemi sína reglulega, en þó einungis þann hluta teknanna sem stafar frá hinni föstu stofnun; eða
- b) hann dvelur í því ríki í eitt eða fleiri skipti sem fara yfir 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili, en þó einungis þann hluta teknanna sem stafar frá þeirri starfsemi sem var innt af hendi á umræddum dvalartíma eða dvalartímum.

2. Hugtakið „sjálfstæð starfsemi“ merkir einkum sjálfstæða starfsemi á sviði vísinda, bókmennta, lista, uppeldis- og kennslumála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.

Launað starf

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 16., 18., 19., 20. og 21. gr. skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki, nema starfið sé innt af hendi í öðru aðildarríki. Ef starfið er innt af hendi í öðru aðildarríki má skattleggja þar endurgjaldið fyrir starfið.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. skal endurgjald sem aðila heimilistöfum í aðildarríki hlotnast fyrir starf sem hann innir af hendi í öðru aðildarríki einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef:

- a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti sem ekki fara yfir 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili, og
- b) endurgjaldið er innt af hendi af eða fyrir hönd vinnuveitenda sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu, og
- c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stofnun sem vinnuveitandinn rekur í hinu ríkinu, og
- d) ekki er um að ræða útleigu á vinnuafli.

3. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar skal skattleggja endurgjald fyrir störf unnin um borð í:

- a) dönsku, færeysku, finnsku, íslensku, norsku eða sænsku skipi einungis í því aðildarríki þar sem skipið er skráð; við beitingu þessa ákvæðis er erlent skip sem fyrirtæki í aðildarríki tekur á leigu án áhafnar („bareboat basis“) lagt að jöfnu við danskt, færeyskt, finnskt, íslenskt, norskt eða sænskt skip;
- b) loftfari í flutningum á alþjóðaleiðum einungis í því aðildarríki þar sem sá er aflar endurgjaldsins er heimilisfastur;
- c) fiskveiði-, selveiði- eða hvalveiðiskipi einungis í því aðildarríki þar sem sá er aflar endurgjaldsins er heimilisfastur, einnig þótt endurgjaldið miðist við ákveðinn aflahlut eða ágóðahlut af fisk-, sel- eða hvalveiðum.

16. gr.

Stjórnarlaun

Stjórnarlaun og annað svipað endurgjald sem aðila heimilisföstum í aðildarríki hlotnast vegna setu í stjórn eða stjórnarígildi í félagi heimilisföstu í öðru aðildarríki má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.

Listamenn og íþróttamenn

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja aðila heimilisfastan í aðildarríki af tekjum sem hann aflar í öðru aðildarríki af persónulegum störfum sem listamaður, svo sem leikhús- eða kvikmyndaleikari, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar tekjur af starfi, sem framkvæmt er af listamanni eða íþróttamanni sem slíkum, renna ekki til listamannsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr., skattleggja tekjurnar í því aðildarríki þar sem starfsemi listamannsins eða íþróttamannsins fer fram.

3. Ákvæðum 1. og 2. tl. skal ekki beita varðandi tekjur sem listamenn eða íþróttamenn heimilisfastir í aðildarríki afla af starfsemi í öðru aðildarríki þegar heimsóknin í því ríki er aðallega kostuð af opinberu fé í fyrnefnda ríkinu. Í slíkum tilvikum skattleggjast tekjurnar einungis í fyrnefnda ríkinu.

18. gr.

Eftirlaun o.fl.

1. Eftirlaun og lífeyri sem greiddur er frá aðildarríki og greiðslur frá aðildarríki samkvæmt almannatryggingalöggjöf þess til aðila heimilisfasts í öðru aðildarríki skal einungis skattleggja í fyrnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir önnur ákvæði í samningi þessum skal framfærslueyrir, sem maður heimilisfastur í aðildarríki greiðir til maka eða fyrrverandi maka eða með barni með heimilisfesti í öðru aðildarríki, undanþeginn skattlagningu í síðarnefnda ríkinu í því tilviki að lífeyririnn hefði verið undanþeginn skattlagningu í fyrnefnda ríkinu, hefði móttakandi hans átt þar heimilisfesti.

3. Hugtakið „lífeyrir“ merkir tiltekna fjárhæð sem greidd er manni með vissu millibili á tilteknum tíma í lífanda lífi, eða um tiltekið tímabil, eða tímabil sem hægt er að ákvarða, og greidd er samkvæmt skuldbindingu um að inna þessar greiðslur af hendi gegn fullnægjandi eða fullu endurgjaldi í peningum eða peningafgildi.

19. gr.

Opinbert starf

1. Endurgjald (að undanteknum eftirlaunum) sem greitt er af aðildarríki, opinberu aðila, sveitarstjórn eða opinberri stofnun í því til manns fyrir starf hans í þjónustu þessa ríkis, opinbers aðila, sveitarstjórnar eða opinberrar stofnunar þess skal einungis skattleggja í því ríki.

2. Í því tilviki að endurgjald það sem um er rætt í 1. tl. kemur í hlut móttakanda fyrir starf sem innt er af hendi í öðru aðildarríki en því ríki sem greiðir endurgjaldið, skattleggst endurgjaldið þó einungis í því ríki þar sem starfið var innt af hendi ef móttakandi er maður með heimilisfesti í því ríki og

- a) er ríkisborgari þess ríkis; eða
- b) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu til þess að inna starfið af hendi.

20. gr.

Námsmenn og nemar

Aðili sem dvelur í aðildarríki einungis í þeim tilgangi:

- a) að nema við háskóla eða aðra menntastofnun í aðildarríkinu; eða
- b) að nema viðskipta-, sjávarútvegs-, iðnaðar-, landbúnaðar- eða skógarnýtingarstörf í aðildarríkinu og er, eða síðast var fyrir dvölinu, heimilisfastur í öðru aðildarríki er ekki skattskyldur í fyrnefnda ríkinu af fjárhæð sem upprunnin er utan þess ríkis sem hann fer til að standa straum af framfærslu sinni, námi eða þjálfun.

21. gr.

Starfsemi í sambandi við undirbúningskönnun, rannsókn eða hagnýtingu kolvetnislanda

1. Þrátt fyrir önnur ákvæði í samningi þessum, þó að undanteknum ákvæðum 8. gr., gilda ákvæði þessarar greinar þegar aðili með heimilisfesti í aðildarríki stundar starfsemi í öðru aðildarríki í sambandi við undirbúningskönnun, rannsókn eða hagnýtingu kolvetnislanda staðsettra í síðarnefnda ríkinu.

2. a) Aðili með heimilisfesti í aðildarríki, sem stundar undan ströndum annars aðildarríkis starfsemi sem um er rætt í 1. tl., telst stunda starfsemi frá fastri atvinnustöð eða fastri stofnun í síðarnefnda ríkinu.

b) Ef slíkur aðili stundar starfsemi sína innan rannsóknar- eða vinnslusvæðis sem nær samfellt frá stað undan ströndum síðarnefnda ríkisins og inn á landsvæði þess ríkis og starfsemin er ekki einvörðungu stunduð innan landsvæðisins, hefur staflíður a) samsvarandi gildi.

c) Starfsemi, sem varðar byggingu eða samsetningu á leiðslum til flutnings á óhreinsuðu kolvetni eða byggingarvinnu í beinu sambandi við slíka starfsemi, telst stunduð frá fastri atvinnustöð í síðarnefnda ríkinu, einnig þegar um er að ræða starfsemi sem framkvæmd er á landi þegar starfsemin er hluti af framkvæmd sem nær samfellt frá stað undan ströndum þessa ríkis og inn á landsvæði þess.

3. Ákvæði 2. tl. eiga ekki við ef starfsemin fer fram á einu eða fleiri tímabilum sem ekki fara yfir 30 daga samtals á tólf mánaða tímabili.

4. Við ákvörðun þess tímabils sem um ræðir í 3. tl. skoðast starfsemi, sem rekin er af fyrirtæki sem tengt er öðru fyrirtæki, vera rekin af því fyrirtæki sem það er tengt, svo framarlega sem starfsemin er að verulegu leyti sams konar og sú starfsemi sem síðarnefnda fyrirtækið rekur og starfsemi beggja fyrirtækjanna tengist sömu framkvæmdinni. Fyrirtæki teljast tengd ef annað fyrirtækið tekur beint eða óbeint þátt í stjórn eða yfirráðum hins fyrirtækisins eða á verulegan hluta af fjármagni þess fyrirtækis eða ef sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum beggja fyrirtækjanna eða eiga verulegan hluta af fjármagni þessara fyrirtækja.

5. Hagnaður, sem fyrirtæki í aðildarríki hlýtur af flutningum starfsmanna og varnings með skipum eða loftförum til eða innan svæðis sem um er rætt í staflíðum a) og b) í 2. tl. í öðru aðildarríki þar sem atvinnustarfsemi er rekin í sambandi við undirbúningskönnun, rannsókn eða hagnýtingu kolvetnislanda eða af rekstri dráttarbáta, birgðaskipa eða annarra aðstoðarskipa í sambandi við slíka starfsemi, skal einungis skattlagður í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

6. Ákvæði 4. tl. 13. gr. og 3. tl. 23. gr. eiga við um hagnað af sölu þeirra skipa, báta eða loftfara sem um er rætt í 5. tl., svo og um eignir sem fólgna eru í slíkum skipum, bátum eða loftförum.

7. Þrátt fyrir önnur ákvæði samnings þessa gildir eftirfarandi þegar um er að ræða skattlagningu launa og annars svipaðs endurgjalds sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hlýtur fyrir vinnu sem innt er af hendi í öðru aðildarríki fyrir atvinnurekanda sem rekur slíka starfsemi sem um er rætt í 1. og 2. tl.:

a) Leiði ákvæði staflíða b) - d) ekki til annars má skattleggja slíkt endurgjald í síðarnefnda ríkinu, en þó því aðeins að vinnan sé innt af hendi á einu eða fleiri tímabilum sem fara yfir 30 daga samtals á tólf mánaða tímabili.

b) Slíkt endurgjald skal einungis skattleggja í fyrirnefnda aðildarríkinu ef:

- 1) vinnan tengist hagnýtingu kolvetnislanda sem eru á skiptilínu milli aðildarríkis og annars ríkis;
- 2) samningur er til milli þessara ríkja um sameiginlega hagnýtingu lindanna og
- 3) hagnýting fer fram samtímis báðum megin skiptilínu.

Ákvæði þessa staflíðar koma ekki til framkvæmda fyrr en bær stjórnvöld í aðildarríkjunum hafa gert samkomulag þar um.

c) Ef vinnan er innt af hendi um borð í skipi eða báti, sbr. 5. tl., skal skattleggja slíkt endurgjald samkvæmt ákvæðum staflíðar a) í 3. tl. 15. gr.

d) Ef vinnan er innt af hendi um borð í loftfari, sbr. 5. tl., skal einungis skattleggja slíkt endurgjald í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

8. Aðili með heimilisfesti í aðildarríki, sem stundar starfsemi undan ströndum annars aðildarríkis, er undanþeginn skattlagningu í síðarnefnda ríkinu af hagnaði sem þessi aðili telst hafa hlotið af tilflutningi hreyfanlegra mannvirkja til borunar eða hótelpalla yfir á svæði utan síðarnefnda ríkisins. Hagnaður samkvæmt þessum tölulíð telst vera sú fjárhæð sem gangverð eignarinnar á þeim tíma sem tilflutningurinn átti sér stað er hærri en eftirstöðvarverð á sama tíma, að viðbættum teknum fyrningum.

9. Hagnaður sem aðili með heimilisfesti í aðildarríki hlýtur af sölu á:

- a) réttindum til undirbúningskönnunar, rannsókna eða hagnýtingar kolvetnislinda í öðru aðildarríki, hér með talin réttindi til hlutdeildar í eða forgangsréttur til slíkra linda; eða
 - b) hlutabréfum eða öðrum hlutareignum, sé verðmæti þeirra að öllu eða að verulegu leyti, beint eða óbeint, tengt slíkum réttindum,
- má skattleggjast í síðarnefnda ríkinu.

22. gr.

Aðrar tekjur

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í aðildarríki aflar og ekki er fjallað um hér að framan skal einungis skattleggja í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.

2. Ákvæði 1. tl. eiga ekki við ef sá er teknanna aflar er heimilisfastur í aðildarríki og hefur fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í öðru aðildarríki og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá eru raunverulega bundin við atvinnurekstur sem rekinn er af hinni föstu atvinnustöð eða við sjálfstæða starfsemi sem stunduð er á hinni föstu stofnun. Í slíkum tilvikum gilda ákvæði 7. gr. eða 14. gr. eftir því sem við á. Ef fasteign, sbr. 2. tl. 6. gr., tilheyrir fastri atvinnustöð eða fastri stofnun skal hins vegar skattleggja tekjur af slíkri eign samkvæmt ákvæðum 1., 3. og 5. tl. 6. gr.

23. gr.

Eignir

1. Eign sem fólgin er í fasteign samkvæmt skilgreiningu 2. tl. 6. gr. sem er í eigu aðila heimilisfasts í aðildarríki og sem er í öðru aðildarríki má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Eign sem fólgin er í hlutabréfaeign eða annarri hlutareign í félagi, sem um er rætt í 4. tl. 6. gr., í eigu aðila heimilisfasts í aðildarríki má skattleggja í því aðildarríki þar sem fasteignin er.

3. Eign sem fólgin er í skipum eða loftförum sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum, svo og lausafé sem tengt er notkun slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

4. Eign sem fólgin er í gámum (þ.m.t. dráttarvagn og annar útbúnaður til flutnings á gámum) sem notaðir eru til flutnings á efni eða vörum skal einungis skattlögð í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur, nema gámarnir séu eingöngu notaðir milli stada í öðru aðildarríki.

5. Allar aðrar eignir aðila heimilisfasts í aðildarríki skal einungis skattleggja í því ríki og skiptir ekki máli hvar þær eru staðsettar.

6. Þrátt fyrir ákvæði 5. tl. má skattleggja eign í lausafé sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í öðru aðildarríki eða lausafjäreign sem tengd er fastri stofnun til að stunda sjálfstæða starfsemi sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur í öðru aðildarríki í síðarnefnda ríkinu.

7. Ákvæðum 1.–6. tl. skal einungis beita í aðildarríki í sambandi við annað aðildarríki þegar það ríki leggur almennan skatt á eignir.

24. gr.

Dánarbú

Tekjur eða eignir sem skattlagðar eru hjá dánarbúi heimilisföstu í aðildarríki má ekki skattleggja hjá aðila sem á rétt til hlutdeildar í búinu og er heimilisfastur í öðru aðildarríki.

25. gr.

Aðferð til að komast hjá tvísköttun

1. Danmörk:

- a) Hafi aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Danmörk, nema ákvæði 2. mgr. 8. tl. 10. gr. eða eftirfarandi staflíða b) eða c) leiði til annars,
 - 1) veita sem frádrátt frá dönskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu;
 - 2) veita sem frádrátt frá dönskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttur þessi má þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti danska tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum eða þeirri eign sem skattleggja má í síðarnefnda ríkinu.

- b) Hafí aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru aðildarríki, má Danmörk telja tekjurnar eða eignina með í skattstofni, en frá dönskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum, eftir því sem við á, sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu eða af eign sem er í eigu hans þar.
- c) Hafí aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur sem um er rætt í 15. gr. eða 7. tl. 21. gr., má Danmörk telja tekjurnar með í skattstofni, en frá dönskum skatti af tekjum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu.

2. Færeyjar:

- a) Hafí aðili heimilisfastur í Færeyjum tekjur sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skulu Færeyjar, nema ákvæði 1. mgr. 8. tl. 10. gr. eða eftirfarandi staflíða b) eða c) leiði til annars, veita sem frádrátt frá færeyskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu.
Frádráttur þessi má þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti færeyska tekjuskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum sem skattleggja má í síðarnefnda ríkinu.
- b) Hafí aðili heimilisfastur í Færeyjum tekjur sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru aðildarríki, mega Færeyjar telja tekjurnar með í skattstofni, en frá færeyskum skatti af tekjum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu.
- c) Hafí aðili heimilisfastur í Færeyjum tekjur í öðru aðildarríki af launuðu starfi, sem um er rætt í 15. gr. eða 7. tl. 21. gr., sem samkvæmt ákvæðum þessara greina samningsins má skattleggja í síðarnefnda aðildarríkinu, mega Færeyjar telja tekjurnar með í skattstofni, en frá færeyskum skatti af tekjum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu.

3. Finnland:

- a) Hafí aðili heimilisfastur í Finnlandi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Finnland, nema ákvæði 3. mgr. 8. tl. 10. gr. eða eftirfarandi staflíða b) eða c) leiði til annars,
 - 1) veita sem frádrátt frá finnskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu;
 - 2) veita sem frádrátt frá finnskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu.
 Frádráttur þessi má þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti finnska tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum eða þeirri eign sem skattleggja má í síðarnefnda ríkinu.
- b) Hafí aðili heimilisfastur í Finnlandi tekjur í öðru aðildarríki af launuðu starfi, sem um er rætt í 15. gr. eða 7. tl. 21. gr., sem samkvæmt ákvæðum þessara greina samningsins má skattleggja í síðarnefnda aðildarríkinu, skulu slíkar tekjur undanþegnar skattlagningu í Finnlandi.
- c) Hafí aðili heimilisfastur í Finnlandi tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru aðildarríki, eða hefur tekjur sem samkvæmt framangreindum staflíð b) eru undanþegnar finnskum skatti, má Finnland telja tekjurnar eða eignina með í skattstofni, en frá finnskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum, eftir því sem við á, sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu eða af eign sem er í eigu hans þar.

4. Ísland:

- a) Hafí aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Ísland undanþiggja slíkar tekjur eða eign skattlagningu, nema ákvæði eftirfarandi staflíða b) eða c) leiði til annars.
- b) Hafí aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur sem skattleggja má í öðru aðildarríki samkvæmt 10. gr., 6. tl.

13. gr., 16. gr. eða 1.–6. og 8.–9. tl. 21. gr. skal Ísland draga frá íslenskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu, nema ákvæði 1. mgr. 8. tl. 10. gr. leiði til annars. Frádráttur þessi má þó ekki vera hærri en sá hluti íslenska skattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum sem skattleggja má í síðarnefnda ríkinu.

- c) Ef tekjur sem aðili heimilisfastur á Íslandi hefur eða eignir sem hann á eru undanþegnar skattlagningu þar samkvæmt ákvæðum samningsins er Íslandi samt heimilt við ákvörðun skatta þessa aðila af öðrum tekjum eða eignum að taka tillit til þeirra tekna eða eigna sem undanþegnar eru skatti.

5. Noregur:

- a) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Noregur undanþiggja slíkar tekjur eða eign skattlagningu, nema ákvæði eftirfarandi staflíða b) eða c) leiði til annars.
- b) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur sem skattleggja má í öðru aðildarríki samkvæmt 10. gr., 6. tl. 13. gr., 16. gr. eða 1.–6. og 8.–9. tl. 21. gr. skal Noregur draga frá norskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu, nema ákvæði 1. mgr. 8. tl. 10. gr. leiði til annars. Frádráttur þessi má þó ekki vera hærri en sá hluti norska skattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum sem skattleggja má í síðarnefnda ríkinu.
- c) Ef tekjur sem aðili heimilisfastur í Noregi hefur eða eignir sem hann á eru undanþegnar skattlagningu þar samkvæmt ákvæðum samningsins er Noregi samt heimilt við ákvörðun skatta þessa aðila af öðrum tekjum eða eignum að taka tillit til þeirra tekna eða eigna sem undanþegnar eru skatti.

6. Svíþjóð:

- a) Hafi aðili heimilisfastur í Svíþjóð tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Svíþjóð, nema ákvæði 4. mgr. 8. tl. 10. gr. eða eftirfarandi staflíða b), c) eða d) leiði til annars.
- 1) með hliðsjón af ákvæðum í sænskri löggjöf (jafnvel með síðari orðalagsbreytingum, að því tilskildu að hinni almennu meginreglu sem um er að ræða hafi ekki verið breytt) veita sem frádrátt frá skatti af tekjum fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu;
- 2) veita sem frádrátt frá sænskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu. Frádráttur þessi má þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti sænska eignarskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeirri eign sem skattleggja má í síðarnefnda ríkinu.
- b) Við beitingu framangreinds staflíðar a) skal, þegar sænsku fyrirtæki með fasta atvinnustöð í Finnlandi hefur verið veitt ívilnun við álagningu finnsks tekjuskatts eða eignarskatts með sérstökum lögum, draga frá sænskum skatti af tekjum eða eignum fyrirtækisins tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, sem hefðu verið lagðir á í Finnlandi ef slík skattaívilnun hefði ekki verið veitt.
- c) Ef aðili heimilisfastur í Svíþjóð aflar í öðru aðildarríki hagnaðar af atvinnurekstri sem um er rætt í 7. gr., tekna af sjálfstæðri starfsemi sem um er rætt í 14. gr., tekna af launuðu starfi sem um er rætt í 15. gr. eða 7. tl. 21. gr. eða hagnaðar sem um er rætt í 3. tl. 13. gr. og skattleggja má tekjurnar eða hagnaðinn samkvæmt ákvæðum þessara greina í síðarnefnda aðildarríkinu, skulu, þrátt fyrir ákvæðin í framangreindum staflíð a), slíkar tekjur eða hagnaður undanþegin sænskum skatti. Að því er tekur til 7. gr., 13. gr. og 14. gr. gildir þetta ákvæði þó einungis ef meirihlutinn af tekjunum eða hagnaðinum á uppruna sinn í síðarnefnda aðildarríkinu af atvinnu-, viðskipta- eða iðnaðarstarfsemi sem þar er rekin, enda feli starfsemin ekki í sér stjórnun verðbréfa og annarra slíkra lausafjáreigna.
- d) Hafi aðili heimilisfastur í Svíþjóð tekjur eða hagnað eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru aðildarríki eða hefur tekjur eða hagnað sem samkvæmt framangreindum staflíð c) skulu undanþegnar sænskum skatti, getur Svíþjóð, við ákvörðun skattþrepa fyrir sænskan stighækkandi skatt af öðrum tekjum, hagnaði eða eignum, tekið tillit til þeirra tekna, hagnaðar eða eigna sem skattleggjast einungis í síðarnefnda aðildarríkinu eða slíkra tekna og hagnaðar sem er undanþeginn sænskum skatti.

7. Sameiginleg ákvæði:

1. Hugtakið „greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu“ í þessari grein telst einnig fela í sér slíkan skatt á tekjur sem greiddur er í Danmörku, í Færeyjum, í Finnlandi, á Íslandi, í Noregi og í Svíþjóð, eftir því sem við á, og sem skal yfirferast til nefndra annarra ríkja til þess að færa þar til góða hlutadeigandi aðila sem skatt af sömu tekjum.

2. Ef aðili heimilisfastur í aðildarríki (heimilisfesturíkinu) aflar tekna í öðru aðildarríki (starfsríkinu) af persónulegu starfi sem samkvæmt 1. tl. 15. gr. eða 7. tl. 21. gr. má skattleggja í starfsríkinu, skal heimilisfesturíkið, þrátt fyrir ákvæðin í liðum 1 c), 2 c), 3 b), 4 a), 5 a) eða 6 c) í þessari grein, komast hjá tvísköttun með frádrætti á þeim skatti sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu með því að beita ákvæðum liða 1 a), 2 a), 3 a), 4 b), 5 b) eða 6 a) ef aðilinn sem um er að ræða aflaði teknanna frá fyrirtæki eða fastri atvinnustöð í starfsríkinu og hann er eða síðast fyrir starf sitt í starfsríkinu var í starfi hjá:

- a) fyrirtæki í heimilisfesturíkinu sem er fyrirtæki tengt fyrirtækinu í starfsríkinu, eða
- b) fyrirtæki í heimilisfesturíkinu sem fasta atvinnustöðin tilheyrir.

Þrátt fyrir ákvæði fyrri málsgreinar skal beita ákvæðum liða 1 c), 2 c), 3 b), 4 a), 5 a) eða 6 c) ef aðilinn sem um er að ræða getur sýnt fram á að:

- a) hann í og vegna starfsins dvaldi í starfsríkinu samfelld tímabil sem fer yfir þrjá mánuði á því skattári sem um er að ræða, eða
- b) kostnaðurinn vegna starfsins í starfsríkinu er með réttu gjaldfærður fyrirtækinu í því ríki eða fastri atvinnustöð sem þar er staðsett.

26. gr.

Almennar skattlagningarreglur

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur eða eign sem hann á má ekki skattleggja í öðru aðildarríki nema skattlagning sé skýlaust heimil samkvæmt samningi þessum.

2. Í því tilviki að skattlagningarrétturinn á tekjur eða eignir samkvæmt samningnum er heimilaður öðru aðildarríki en því þar sem aðilinn sem hefur tekjurnar eða á eignina er heimilisfastur og þetta annað ríki, samkvæmt eigin löggjöf, leggur ekki skatt á tekjurnar eða eignina í heild sinni eða tekur einungis tillit til teknanna eða eignarinnar við ákvörðun stighækkunar eða annan útreikning skatts, skattleggjast tekjurnar eða eignin einungis í því aðildarríki þar sem aðilinn sem um er að ræða er heimilisfastur.

3. Í því tilviki að skattlagningarrétturinn samkvæmt 1. tl. 14. gr. og staflíðum b) og c) í 3. tl. 15. gr. á tekjur sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur er einungis heimilaður samkvæmt samningnum í því ríki má skattleggja tekjurnar í öðru aðildarríki ef ekki er unnt að skattleggja þær í fyrrnefnda ríkinu samkvæmt löggjöf þess ríkis.

27. gr.

Jafnrétti

1. Ríkisborgari aðildarríkis skal ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í öðru aðildarríki en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða gætu sætt við sömu aðstæður. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem ekki er heimilisfastur í einu aðildarríki eða fleirum.

2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar eða fastrar stofnunar, sem fyrirtæki eða aðili heimilisfastur í aðildarríki rekur í öðru aðildarríki, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning fyrirtækis eða aðila heimilisfasts í síðarnefnda ríkinu sem hefur sams konar starfsemi með höndum.

Þetta ákvæði skal þó ekki skýra þannig að það skyldi aðildarríki til að veita aðila heimilisföstum í öðru aðildarríki nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnun eða lækkun skatta vegna hjúskaparstöðu eða fjölskylduframfærsluskyldu sem það veitir aðila sem er heimilisfastur í fyrrnefnda ríkinu. Í ákvæðinu felst heldur ekki réttur til þess í aðildarríki að fá frádrátt við skattlagningu eða að vera undanþeginn skattlagningu af ágóðahlut eða annarri útborgun til félags heimilisfasts í öðru aðildarríki.

Ákvæði 1. mgr. hamla heldur ekki aðildarríki að skattleggja samkvæmt eigin löggjöf tekjur sem föst atvinnustöð hefur ef fasta atvinnustöðin tilheyrir hlutafélagi eða hliðstæðu félagi í öðru aðildarríki. Skattlagningin skal þó samsvara gildandi skattlagningu á heimilisföst hlutafélög eða hliðstæð félög í fyrrnefnda aðildarríkinu af tekjum þeirra, reiknuðum án frádráttar úthlutaðs hagnaðar.

3. Eigi ákvæði 1. tl. 9. gr., 4. tl. 11. gr. eða 4. tl. 12. gr. ekki við skulu vextir, þóknun og aðrar greiðslur frá fyrirtæki í aðildarríki til aðila heimilisfasts í öðru aðildarríki vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra tekna slíks fyrirtækis eftir sömu reglum og greiðslur til aðila heimilisfasts í fyrrnefnda ríkinu. Á sama hátt er skuld fyrirtækis í aðildarríki við aðila heimilisfastan í öðru aðildarríki

frádráttarbær við ákvörðun skattskyldrar eignar fyrirtækisins eftir sömu reglum og skuld við aðila heimilisfastan í fyrrnefnda ríkinu.

4. Þótt fjármagn fyrirtækis í aðildarríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða stjórnad af einum eða fleiri aðilum heimilisföstum í einu eða fleiri öðrum aðildarríkjum, skal það ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í fyrrnefnda aðildarríkinu en annað svipað fyrirtæki sætir eða gæti sætt í því ríki.

5. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. gilda ákvæði þessarar greinar um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

28. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags

1. Þegar aðili telur að eitt eða fleiri aðildarríkjanna geri ráðstafanir sem leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa, getur hann, án þess að það raski rétti hans til að fara sér í nyt réttarvernd sem löggjöf þessara ríkja kveður á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því aðildarríki þar sem hann er heimilisfastur eða, svo framarlega sem málið fellur innan ákvæða 1. tl. 27. gr., í því aðildarríki þar sem hann er ríkisborgari.

2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í öðru aðildarríki sem málið varðar, í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við samninginn. Hafi mótmæli verið borin fram við bært stjórnvald í ríki sem ekki er sjálft málsaðili skal það bæra stjórnvald framsenda málið til bærstjórnvalds í einhverju þeirra ríkja sem málið varðar.

3. Í því tilvikum að upp rísi erfiðleikar eða vandamál milli aðildarríkja varðandi túlkun eða beitingu ákvæða samningsins skulu bærstjórnvöld í þeim ríkjum ráðgast sín í milli til þess að reyna að leysa málið með sérstöku samkomulagi. Bærstjórnvöld í aðildarríkjunum geta einnig ráðgast sín í milli til að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem samningurinn nær ekki til eða til að leysa með sérstöku samkomulagi atriði sem ekki eru fastar reglur um í samningnum en geta komið upp í sambandi við skatta samkvæmt 2. gr. vegna mismunandi grundvallarreglna hlutaðeigandi ríkja við útreikning skatta eða af öðrum ástæðum.

Áður en ákvörðun er tekin í máli sem fellur undir 1. mgr. skal tilkynna bærum stjórnvöldum í öðrum aðildarríkjum sem fyrst niðurstöður málsumleitana sem þar um ræðir. Telji bært stjórnvald í aðildarríki að samningumleitarnir skuli fara fram milli bærstjórnvalda í öllum aðildarríkjunum skulu slíkar umleitarnir fara fram án tafar að beiðni bærstjórnvalds í því aðildarríki.

29. gr.

Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisstofnunar

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á skattaúvilnanir sem sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisstofnunar njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

30. gr.

Landfræðileg rýmkun

1. Rýmka má gildissvið samnings þessa, annaðhvort í heild eða með nauðsynlegum breytingum, þannig að hann nái til svæða sem undanþegin eru gildissviði samningsins samkvæmt ákvæðum stafliðar a) í 1. tl. 3. gr. á þeim grundvelli að þar séu lagðir á skattar sem eru sams konar eða í meginatriðum svipaðir þeim sköttum sem samningurinn tekur til. Allar slíkar rýmkanir skulu gilda frá þeim degi og með þeim breytingum og skilyrðum, að meðtöldum uppsagnarákvæðum, sem sérstaklega yrði samið um milli aðildarríkjanna með erindaskiptum eftir diplómátskum leiðum.

2. Verði samningurinn felldur úr gildi samkvæmt 32. gr. skal hann einnig falla úr gildi varðandi hvert það svæði sem hann hefur verið látinn ná til vegna rýmknar samkvæmt þessari grein nema aðildarríki hafi komið sér saman um annað.

31. gr.

Gildistaka

1. Samningur þessi öðlast gildi á þritugasta degi eftir þann dag er öll aðildarríkin hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að samningurinn hafi verið staðfestur. Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðildarríkjum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag sem samningurinn tekur gildi.

2. Eftir að samningurinn hefur öðlast gildi skal ákvæðum hans beitt:

- a) að því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem samningurinn tók gildi eða síðar;
- b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem samningurinn tók gildi eða síðar;
- c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári á eftir því almanaksári sem samningurinn tók gildi eða síðar.

3. Samningnum frá 18. febrúar 1987 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir skal ekki beitt að því er tekur til þeirra tekna eða eigna þar sem núverandi samningi skal beitt samkvæmt 2. tl. Fyrirnefndi samningurinn fellur úr gildi við síðustu tímamörk þegar núverandi samningi samkvæmt tilvitnuðum tölulíð skal beitt.

4. Samningnum frá 12. ágúst 1986 milli dönsku ríkisstjórnarinnar og landsstjórnar Færeyja til að komast hjá tvísköttun o.fl. skal ekki beitt að því er tekur til þeirra tekna þar sem núverandi samningi skal beitt samkvæmt 2. tl. Fyrirnefndi samningurinn fellur úr gildi við síðustu tímamörk þegar núverandi samningi samkvæmt tilvitnuðum tölulíð skal beitt.

32. gr.

Uppsögn

Aðildarríki getur í síðasta lagi 30. júní á sérhverju almanaksári, sem hefst eftir að liðin eru fimm ár frá gildistökudegi samnings þessa sagt honum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til finnska utanríkisráðuneytisins, sem tilkynnir hinum aðildarríkjunum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar. Hafi ákvæðanna um uppsagnartíma verið gætt fellur samningurinn úr gildi í samskiptum milli þess ríkis sem sagt hefur honum upp og annarra aðildarríkja:

- a) að því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem finnska utanríkisráðuneytið móttók tilkynninguna um uppsögnina eða síðar;
- b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem finnska utanríkisráðuneytið móttók tilkynninguna um uppsögnina eða síðar;
- c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem finnska utanríkisráðuneytið móttók tilkynninguna um uppsögnina eða síðar.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í finnska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðildarríkjunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Helsinki hinn 12. september 1989 í einu eintaki á dönsku, færeysku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

BÓKUN

Við undirritun samnings þess sem í dag hefur verið gerður milli ríkisstjórnar Danmerkur ásamt landsstjórn Færeyja og ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir hafa undirritaðir orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði sem eru óskiptur hluti af samningnum:

I. VIÐ 3. tl. 5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. 5. gr. skal, í samskiptum milli Færeyja annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar, byggingar-, mannvirkja-, samsetningar- eða uppsetningarframkvæmd eða starfsemi, sem felur í sér hönnun, eftirlit, ráðgjöf eða aðra aðstoð eða framlag starfslíðs í sambandi við slíka framkvæmd, því aðeins teljast föst atvinnustöð að framkvæmdin eða starfsemin vari lengur en sex mánuði í aðildarríki.

II. VIÐ 7. og 15. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. skal einungis skattleggja hagnað sem fyrirtæki í Noregi eða Svíþjóð aflar með starfsemi sem stunduð er í Svíþjóð eða Noregi, eftir því sem við á, í því ríki þar sem fyrirtækið er heimilisfast, ef starfsemin felst í uppsetningu og viðhaldi á hreindýragirðingum á svæðum meðfram landamærum Noregs og Svíþjóðar og svæðanna er getið í samkomulagi skv. 4. tl.

2. Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. skal einungis skattleggja tekjur sem aðili heimilisfastur í Noregi eða Svíþjóð aflar með persónulegu starfi sínu í Svíþjóð eða Noregi, eftir því sem við á, í því ríki þar sem þessi aðili er heimilisfastur ef vinnan felst í uppsetningu og viðhaldi á hreindýragirðingum á svæðum meðfram landamærum Noregs og Svíþjóðar og svæðanna er getið í samkomulagi skv. 4. tl.

3. Ákvæði 1. og 2. tl. varðandi fyrirtæki eða aðila, eftir því sem við á, sem heimilisfastir eru í Noregi eða Svíþjóð skulu einnig gilda um fyrirtæki eða aðila, eftir því sem við á, sem heimilisfastir eru í Finnlandi eða Noregi.

4. Bær stjórnvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum skulu ákveða með gagnkvæmu samkomulagi til hvaða svæða meðfram viðkomandi landamærum ákvæði 1. - 3. tl. taka.

III. VIÐ 7., 10.–15., 19. og 23. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr., 2. tl. 10. gr., 2. tl. 11. gr. og 2. tl. 12. gr. skal einungis skattleggja tekjur sem fyrirtæki í Danmörku eða Svíþjóð aflar í sambandi við byggingu á og rekstur fasts tengiliðar yfir Eyrarsund í því ríki þar sem fyrirtækið er heimilisfast.

2. Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. 13. gr. skal einungis skattleggja hagnað sem fyrirtæki í eða aðili heimilisfastur í Danmörku eða Svíþjóð hlýtur vegna sölu þar greindrar eignar sem notuð er við byggingu á eða við rekstur fasts tengiliðar yfir Eyrarsund í því ríki þar sem fyrirtækið eða aðilinn er heimilisfastur.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 14. gr., 1. tl. 15. gr. og 19. gr. skal einungis skattleggja tekjur sem aðili heimilisfastur er í Danmörku eða Svíþjóð aflar í sambandi við byggingu á eða við rekstur fasts tengiliðar yfir Eyrarsund í því ríki þar sem aðilinn er heimilisfastur.

4. Þrátt fyrir ákvæði 6. tl. 23. gr. skal einungis skattleggja þar greindar eignir sem fyrirtæki í eða aðili heimilisfastur í Danmörku eða Svíþjóð á og notaðar eru við byggingu á eða við rekstur fasts tengiliðar yfir Eyrarsund í því ríki þar sem fyrirtækið eða aðilinn er heimilisfastur.

IV. VIÐ 7., 8., 13., 15. og 23. gr.

1. Ákvæðum 7. gr., 1. tl. 8. gr., 4. tl. 13. gr. og 3. tl. 23. gr. skal beita í Danmörku, Noregi og Svíþjóð í sambandi við tekjur, sem fyrirtækjasamsteypurnar Scandinavian Airlines System (SAS), Scanair eða SAS Commuter bera úr bítum af viðskiptalegum rekstri loftfara á alþjóða- eða innanríkisflugleiðum og annarri tengdri starfsemi, af söluhagnaði sem greindar fyrirtækjasamsteypur bera úr bítum við sölu lausafjár sem notað er í slíkum rekstri loftfara og slíkri annarri tengdri starfsemi og af eignum fyrirtækjasamsteypunnar sem notaðar eru í slíkum rekstri loftfara og slíkri annarri tengdri starfsemi, í hlutfalli við þann hlut í fyrirtækjasamsteypunni sem er í eigu hlutareigenda sem búsettir eru í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð.

2. Ákvæði staflíðar b) í 3. tl. 15. gr. eiga einnig við um tekjur af vinnu sem unnin er um borð í loftförum sem fyrirtækjasamsteypurnar Scandinavian Airlines System (SAS), Scanair eða SAS Commuter nota í innanlandsflugi.

3. Ákvæðum 1. og 2. tl. skal einnig beita, samkvæmt samkomulagi milli bærra stjórnvalda Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, í sambandi við aðra fyrirtækjasamsteypu eða önnur svipuð samtök til rekstrar loftfara eða annarrar tengdrar starfsemi, þegar eignarhlutdeild, beint eða óbeint, er einungis í eigu hlutareigenda í SAS og samtökin eru í meginatriðum uppbyggð samkvæmt þeirri meginreglu sem gildir um SAS.

V. VIÐ 8., 13. og 23. gr.

Hlutdeild í hagnaði af starfsemi sem um er rætt í 1. og 3. tl. 8. gr., hlutdeild í hagnaði vegna sölu eigna sem um er rætt í 4. og 5. tl. 13. gr. svo og hlutdeild í eign sem um ræðir í 3. og 4. tl. 23. gr., sem aðili heimilisfastur í aðildarríki aflar eða á vegna sameignar í fyrirtæki, skal einungis skattleggja í því ríki ef:

- a) sameigendurnir eru heimilisfastir hver í sínu aðildarríki og
- b) fyrirtækið er rekið af félagi eða öðrum samtökum með gagnkvæmri ábyrgð sameigenda, þar sem að minnsta kosti einn þeirra ber auk þess ótakmarkaða ábyrgð, svo og
- c) ekki er augljóst að raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hafi aðsetur einungis í einu aðildarríki.

Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum geta gert samkomulag um beitingu skattlagningarreglna samkvæmt 1. mgr. jafnvel þótt þar greindar forsendur séu ekki fyrir hendi.

VI. VIÐ 13. gr.

Ákvæði 6. og 7. tl. 13. gr. raska ekki rétti Danmerkur til þess að skattleggja samkvæmt eigin löggjöf hagnað af hlutafé sem aðili sem flytur frá Danmörku telst hafa hlotið í sambandi við brottflutninginn.

VII. VIÐ 15. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 15. gr. skal einungis skattleggja tekjur sem aðili heimilisfastur í sveitarfélagi í Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, sem liggur að landamærum Finnlands og Svíþjóðar eða Finnlands og Noregs, eftir því sem við á, aflar með persónulegu starfi sem innt er af hendi í slíku sveitarfélagi í öðru þessara ríkja, í því ríki þar sem aðilinn sem í hlut á er heimilisfastur, enda dvelji þessi aðili að staðaldri í því ríki þar sem hann á fast heimili.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 15. gr. skal einungis skattleggja í Svíþjóð tekjur sem aðili heimilisfastur í Svíþjóð aflar með varanlegu persónulegu starfi sem innt er af hendi í Danmörku, enda dvelji þessi aðili að staðaldri á sínu fasta heimili í Svíþjóð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 15. gr. skal einungis skattleggja í Danmörku tekjur sem aðili heimilisfastur í Danmörku aflar með varanlegu persónulegu starfi sem innt er af hendi í Svíþjóð, enda dvelji þessi aðili að staðaldri á sínu fasta heimili í Danmörku.

4. Ákvæði 2. og 3. tl. gilda einungis ef starfið er innt af hendi yfir samfelld tímabil sem varir a.m.k. sex mánuði.

5. Með orðunum „varanlegt persónulegt starf“ er átt við ráðningarskilmála sem gerðir eru í þeim tilgangi að um sé að ræða aðalstarf hins skattskylda aðila.

6. Með orðunum „dvelji að staðaldri“ er átt við að skattskyldi aðilinn dvelji að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni í viku á sínu fasta heimili í aðildarríkinu þar sem hann er heimilisfastur. Til þess að skattskyldi aðilinn teljist dvelja á sínu fasta heimili skal dvölin í heimilisfesturíkinu vara a.m.k. tvo daga. Hér gildir sama og annars staðar í samningnum þar sem hugtakið „dagur“ kemur fyrir, að með „degi“ telst einnig hluti úr degi.

7. Í staflíð d) 2. tl. 15. gr. telst launþegi með heimilisfesti í aðildarríki leigður út þegar honum af einhverjum (útleigjanda) er ráðstafað til að framkvæma vinnu í starfsemi einhvers annars (notanda/vinnuveitanda/stjórnanda/verksala) í öðru aðildarríki, svo framarlega sem notandinn (vinnuveitandinn/stjórnandinn/verksalinn) er með heimilisfesti eða hefur fasta atvinnustöð í síðarnefnda ríkinu og að útleigjandinn er ekki ábyrgur fyrir og ber ekki áhættu af árangri vinnunnar.

Við úrskurðun á því hvort launþegi telst leigður út skal gert heildarmat þar sem sérstaklega skal tekið tillit til þess að hve miklu leyti:

- verkstjórnin í heild hvílir á notandanum (vinnuveitandanum/stjórnandanum/verktakanum);
- vinnan er framkvæmd á vinnustað sem notandinn (vinnuveitandinn/stjórnandinn/verktakinn) hefur til umráða og ber ábyrgð á;
- greiðslan til útleigjandans reiknast út samkvæmt þeim tíma sem nýttur er eða með tilliti til annars samhengis milli greiðslunnar og þeirra launa sem launþeginn fær;
- meginhluti vinnutækja (áhalda) og efnis er til ráðstöfunar af hálfu notandans (vinnuveitandans/stjórnandans/verktakans); og
- útleigjandinn ákvarðar ekki einhliða fjölda launþega og hæfni þeirra.

VIII. VIÐ 15. og 19. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 15. gr. og 1. tl. 19. gr. skal einungis skattleggja tekjur sem aðili heimilisfastur í sveitarfélagi í Noregi eða Svíþjóð, sem liggur að landamærum þessara ríkja, aflar með persónulegu starfi sem innt er af hendi í slíku sveitarfélagi í hinu aðildarríkinu, í því ríki þar sem aðilinn sem í hlut á er heimilisfastur, enda dvelji þessi aðili að staðaldri í því ríki þar sem hann á fast heimili.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 15. gr. og 1. tl. 19. gr. skal einungis skattleggja í Svíþjóð tekjur sem aðili heimilisfastur í Svíþjóð aflar með varanlegu persónulegu starfi sem innt er af hendi í Danmörku, enda dvelji þessi aðili að staðaldri á sínu fasta heimili í Svíþjóð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 15. gr. og 1. tl. 19. gr. skal einungis skattleggja í Danmörku tekjur sem aðili heimilisfastur í Danmörku aflar með varanlegu persónulegu starfi sem innt er af hendi í Svíþjóð, enda dvelji þessi aðili að staðaldri á sínu fasta heimili í Danmörku.

4. Ákvæði 2. og 3. tl. gilda einungis ef starfið er innt af hendi yfir samfelld tímabil sem varir a.m.k. sex mánuði.

5. Með orðunum „varanlegt persónulegt starf“ er átt við ráðningarskilmála sem gerðir eru í þeim tilgangi að um sé að ræða aðalstarf hins skattskylda aðila.

6. Með orðunum „dvelji að staðaldri“ er átt við að skattskyldi aðilinn dvelji að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni í viku á sínu fasta heimili í aðildarríkinu þar sem hann er heimilisfastur. Til þess að skattskyldi aðilinn teljist dvelja á sínu fasta heimili skal dvölin í heimilisfesturíkinu vara a.m.k. tvo daga. Hér gildir sama og annars staðar í samningnum þar sem hugtakið „dagur“ kemur fyrir, að með „degi“ telst einnig hluti úr degi.

IX. VIÐ 18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. skal eftirfarandi gilda í samskiptum milli Danmerkur og Færeyja:

Eftirlaun, lífeyrir, almannatryggingabætur, framfærslueyrir og aðrar svipaðar greiðslur sem eiga rætur að rekja frá hluta af ríkinu og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinum hluta ríkisins skattleggjast einungis í þessum hinum hluta ríkisins.

X. VIÐ 19. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 19. gr. skal eftirfarandi gilda í samskiptum milli Danmerkur og Færeyja:

a) Endurgjald (að undanteknum eftirlaunum), sem greitt er af hluta af ríkinu, opinberum aðila eða sveitarstjórn þess til manns fyrir starf hans í þjónustu þessa hluta af ríkinu, opinbers aðila þess eða stofnana, skattleggst einungis í þeim hluta af ríkinu þar sem starfið er innt af hendi.

b) Þrátt fyrir ákvæði staflíðar a) skattleggst endurgjald, sem aðili heimilisfastur í hluta af ríkinu hefur af persónulegu starfi inntu af hendi samkvæmt ráðningarskilmálum í hinum hluta ríkisins, einungis í fyrstnefnda hluta af ríkinu, ef:

1) viðtakandinn dvelur í þessum öðrum hluta af ríkinu yfir samfelld tímabil sem varir ekki lengur en 60 daga, og

2) endurgjaldið er innt af hendi af hinum „venjulega starfsstað“.

c) Ákvæðum 15. gr. og 16. gr., svo og bókunarliðar IX, skal beita varðandi endurgjald sem aflað er fyrir starf innt af hendi hjá atvinnustarfsemi sem rekin er af hluta af ríkinu, opinberum aðila eða sveitarstjórn þess.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. þessa bókunarliðar skal eftirfarandi gilda í samskiptum milli Danmerkur og Færeyja:

a) Greiðslur sem ákvarðaðar eru af opinberum aðila eingöngu til að standa straum af kostnaði í sambandi við opinbert eða embættisstarf og sem ekki fela í sér endurgjald fyrir starf og sem danska ríkið, opinberir aðilar eða sveitarstjórnir þess greiða til aðila sem starfar í Færeyjum skattleggjast einungis í Danmörku.

b) Greiðslur sem ákvarðaðar eru af opinberum aðila eingöngu til að standa straum af kostnaði í sambandi við opinbert eða embættisstarf og sem ekki fela í sér endurgjald fyrir starf og sem landsstjórn Færeyja, opinberir aðilar eða sveitarstjórnir þeirra greiða til aðila sem starfar í Danmörku skattleggjast einungis í Færeyjum.

Ákvæðunum í staflíðum a) og b) í 2. tl. þessa bókunarliðar skal beita fyrstu fimm árin sem hlutaðeigandi aðili aflar umrædds endurgjalds eða greiðslna.

XI. VIÐ 20. gr.

1. Aðili sem dvelur í öðru aðildarríki en Færeyjum og aðili sem dvelur í öðru aðildarríki en Íslandi einungis í þeim tilgangi:

a) að nema við háskóla eða aðra menntastofnun í öðru aðildarríki eða

b) að nema viðskipta-, sjávarútvegs-, iðnaðar-, landbúnaðar- eða skógarnýtingarstörf í öðru aðildarríki

og er, eða síðast var fyrir dvölin, heimilisfastur í Færeyjum eða á Íslandi skattleggst einungis af þeim hluta tekna vegna starfs í fyrstnefnda aðildarríkinu sem er umfram 20.000 sænskar krónur á almanaksári eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í dönskum, finnskum, íslenskum eða norskum gjaldmiðli. Greind fjárhæð felur í sér gildandi persónufrádrátt fyrir viðkomandi almanaksár ef dvalið er í Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

2. Skattfrelsi samkvæmt 1. tl. veitist þó einungis fyrir það tímabil sem hæfilegt eða venjulegt telst fyrir námið eða þjálfunina, þó ekki lengur en sex almanaksár í röð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. þessa bókunarliðar skal eftirfarandi gilda í samskiptum milli Danmerkur og Færeyja:

Námsmaður, nemi eða áþekkur aðili sem er, eða sem var síðast fyrir dvölinn í hluta af ríkinu, heimilisfastur í hinum hluta ríkisins og sem dvelur um stundarsakir í fyrrnefndum hluta af ríkinu einungis í náms- eða þjálfunarskyni skattleggst ekki í þessum hluta af ríkinu af fjárhæðum sem hann móttekur frá hinum hluta ríkisins eða útlöndum til að standa straum af framfærslu sinni, námi eða þjálfun.

Hann skattleggst heldur ekki af fjárhæðum sem honum eru greiddar sem endurgjald fyrir starf svo fremi að starfið sé nauðsynlegt til framfærslu hans.

Námsmaður, nemi eða áþekkur aðili, sem var síðast fyrir dvölinn í Danmörku heimilisfastur í Færeyjum, skattleggst ekki í Færeyjum af endurgjaldi fyrir starf sem innt er af hendi í Danmörku.

Sá sem eftir námslok hefur sérnám eða nám á öðru sviði telst ekki vera námsmaður.

Dvöl telst vera um stundarsakir ef hún fer ekki yfir tilskilinn námstíma að viðbættum tveimur árum.

Dvöl telst ekki vera „einungis í náms- eða þjálfunarskyni“ ef dvölin, áður en nám er hafið, fer yfir 6 mánuði.

Til greinds 6 mánaða tímabils skal ekki telja þann tíma, þó að hámarki eitt ár, sem notaður er í sambandi við undirbúningsnámskeið sem menntastofnunin gerir kröfu til að sótt sé áður en nám er hafið.

Í því tilviki að bæði hjónin sækja um námsvist í menntastofnun og aðeins annar makinn er tekinn inn, upphafst 6 mánaða reglan gagnvart hinum makanum, þó að hámarki fyrir tímabil sem í heild sinni nemur tveimur árum.

Ákvæðin skulu gilda gagnvart tekjum sem aflað er frá og með 1. janúar 1989. „Færeyingafrádrátt“ skal þó veita gagnvart endurgjaldi fyrir starfsframlag frá og með 1. janúar 1988, hvort sem endurgjaldið myndaðist í Danmörku eða í útlöndum.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. þessa bókunarliðar skal námsmaður, nemi eða áþekkur aðili, sem er, eða sem var síðast fyrir dvölinn í Danmörku, heimilisfastur á Íslandi og sem dvelur um stundarsakir í Danmörku einungis í náms- eða þjálfunarskyni ekki vera skattlagður af fjárhæðum sem honum eru greiddar sem endurgjald fyrir starf svo fremi að starfið sé nauðsynlegt til framfærslu hans.

5. Aðila, sem stundar nám við háskóla eða aðra menntastofnun í öðru aðildarríki en Finnlandi og sem dvelst um stundarsakir í Finnlandi og starfar í Finnlandi að hámarki í 100 daga á sama almanaksári til að afla sér hagnýtrar reynslu í tengslum við námið, skal einungis skattleggja í Finnlandi af þeim hluta tekna vegna starfsins sem er umfram 2.400 finnsk mörk að meðaltali á mánuði. Undanþeginn skattskyldu samkvæmt þessum tölulíð eru þó að hámarki 8.000 finnsk mörk á almanaksári.

6. Nemandi við háskóla eða aðra menntastofnun í öðru aðildarríki en Svíþjóð, sem við dvöl um stundarsakir í Svíþjóð stundar starf sem tengist náminu eða menntuninni, skattleggst í Svíþjóð einungis af þeim hluta tekna vegna starfsins sem er umfram 10.000 sænskar krónur á almanaksári.

7. Aðili heimilisfastur í öðru aðildarríki en Danmörku og sem við dvöl um stundarsakir í Danmörku starfar þar að hámarki í 100 daga á sama almanaksári skattleggst einungis í Danmörku af þeim hluta teknanna sem er umfram þá fjárhæð sem samkvæmt gildandi reglum er talin nauðsynleg til framfærslu hans, með því skilyrði að starfið sé innt af hendi innan sviðs norrænnar áætlnar um reynslu- eða frídagavinnuskipti og að útvegum vinnunnar hafi farið fram á vegum Nordjobb.

Fjárhæðin sem telst vera nauðsynleg til framfærslu hlutaðeigandi aðila ákvarðast á ársgrundvelli og lækkar í hlutfalli við lengd framfærslutímans og heilt almanaksár.

Ákvæðum þessa tölulíðar skal beita frá og með 1. janúar 1989.

8. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum geta gert samkomulag um framkvæmd ákvæða 1.–7. tl. Bær stjórnvöld geta einnig gert samkomulag um þær breytingar á þar greindum fjárhæðum sem sanngjarnar þykja með hliðsjón af breytingum á peningagildi, breyttri löggjöf í einhverju aðildarríkjanna eða öðrum svipuðum ástæðum.

XII. VIÐ 25. gr.

1. Að ósk Færeyja má breyta ákvæðum 2. tl. 25. gr. þannig að í stað þeirra komi svohljóðandi texti:

„a) Hafi aðili heimilisfastur í Færeyjum tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skulu Færeyjar, nema ákvæði 1. mgr. 8. tl. 10. gr. eða eftirfarandi staflíða b) eða c) leiði til annars, veita sem frádrátt frá færeyskum tekjuskatti eða

eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts eða eignarskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttur þessi má þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti færeyska tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum eða þeirri eign sem má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur í Færeyjum tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru aðildarríki, mega Færeyjar telja tekjurnar eða eignina með í skattstofni, en frá færeyskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu eða af þeirri eign sem er í eigu hans þar.

c) Hafi aðili heimilisfastur í Færeyjum tekjur í öðru aðildarríki af launuðu starfi, sem um er rætt í 15. gr. eða 7. tl. 21. gr., sem samkvæmt ákvæðum þessara greina samningsins má skattleggja í síðarnefnda aðildarríkinu, mega Færeyjar telja tekjurnar með í skattstofni, en frá færeyskum skatti af tekjum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu.“

Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómátskum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna aðildarríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll hin aðildarríkin hafa móttengið slíka tilkynningu og ákvæðum hennar skal beitt, að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar.

2. Að ósk Íslands má breyta ákvæðum 4. tl. 25. gr. þannig að í stað þeirra komi svohljóðandi texti:

„a) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Ísland, nema ákvæði 1. mgr. 8. tl. 10. gr. eða eftirfarandi staflíðar b) leiði til annars:

- 1) veita sem frádrátt frá íslenskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu;
- 2) veita sem frádrátt frá íslenskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttur þessi má þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti íslenska tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum eða þeirri eign sem má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru aðildarríki, má Ísland telja tekjurnar eða eignina með í skattstofni, en frá íslenskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum, eftir því sem við á, sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu eða af eign sem er í eigu hans þar.“

Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómátskum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna aðildarríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll hin aðildarríkin hafa móttengið slíka tilkynningu og ákvæðum hennar skal beitt:

a) að því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar;

b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar;

c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar.

3. Að ósk Noregs má breyta ákvæðum 5. tl. 25. gr. þannig að í stað þeirra komi svohljóðandi texti:

„a) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Noregur, nema ákvæði 1. mgr. 8. tl. 10. gr. eða eftirfarandi staflíðar b) leiði til annars:

- 1) veita sem frádrátt frá norskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu;
- 2) veita sem frádrátt frá norskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttur þessi má þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti norska tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum eða þeirri eign sem má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru aðildarríki, má Noregur telja tekjurnar eða eignina með í skattstofni, en frá norskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum, eftir því sem við á, sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu eða af eign sem er í eigu hans þar.“

Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómátskum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna aðildarríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þritugasta degi eftir þann dag er öll hin aðildarríkin hafa mótt ekið slíka tilkynningu og ákvæðum hennar skal beitt:

a) að því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar;

b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar;

c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar.

4. Að ósk Svíþjóðar má breyta ákvæðum 6. tl. 25. gr. þannig að í stað þeirra komi svohljóðandi texti:

„a) Hafi aðili heimilisfastur í Svíþjóð tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Svíþjóð, nema ákvæði 4. mgr. 8. tl. 10. gr. eða eftirfarandi staflíða b) eða c) leiði til annars:

1) með hliðsjón af ákvæðum í sænskri löggjöf (jafnvel með síðari orðalagsbreytingum, að því tilskildu að hinni almennu meginreglu sem um er að ræða hafi ekki verið breytt) veita sem frádrátt frá skatti af tekjum fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu;

2) veita sem frádrátt frá sænskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttur þessi má þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti sænska eignarskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeirri eign sem skattleggja má í síðarnefnda ríkinu.

b) Við beitingu framangreinds staflíðar a) skal, þegar sænsku fyrirtæki með fasta atvinnustöð í Finnlandi hefur verið veitt ívilnun við álagningu finnsks tekjuskatts eða eignarskatts með sérstökum lögum, draga frá sænskum skatti af tekjum eða eignum fyrirtækisins tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, sem hefðu verið lagðir á í Finnlandi ef slík skattaívilnun hefði ekki verið veitt.

c) Hafi aðili heimilisfastur í Svíþjóð tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru aðildarríki, getur Svíþjóð, við ákvörðun skattþrepa fyrir sænskan stighækkandi skatt af öðrum tekjum eða eignum, tekið tillit til þeirra tekna eða eigna sem skattleggjast einungis í síðarnefnda aðildarríkinu.“

Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómátskum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna aðildarríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þritugasta degi eftir þann dag er öll hin aðildarríkin hafa mótt ekið slíka tilkynningu og ákvæðum hennar skal beitt:

a) að því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar;

b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar;

c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar.

XIII. VIÐ 26. gr.

1. Ef aðili sem um er rætt í staflíða a) í 3. tl. 15. gr. skattleggst á Íslandi eða í Noregi samkvæmt ákvæðum 2. tl. 26. gr., skal hann í því ríkinu sem um er að ræða eiga rétt til sama frádráttar og hann hefði notið ef hann hefði verið lögskráður í því ríki á skip í flutningum á alþjóðaleiðum.

2. Ákvæðunum í 3. tl. 26. gr. skal beitt á samsvarandi hátt í þeim tilvikum sem um er að ræða í 3. og 4. tl. bókunarliðar II.

XIV. VIÐ 31. gr.

1. Varðandi skattfrelsi í Finnlandi og Svíþjóð fyrir fleytingarfyrirtæki, sem stofnað hefur verið til að annast fleytingu á fleytingarleiðum landamæraáanna í Torne og Muonio, gildir sérstakt samkomulag sem gert hefur verið þar um.

2. Varðandi grundvöll að skiptingu milli Noregs og Svíþjóðar á skattlagningu tekna hlutafélagsins Luossavaara-Kiirunavaara gildir sérstakt samkomulag sem gert hefur verið þar um.

Frumrit bókunar þessarar skal varðveitt í finnska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðildarríkjunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Helsinki hinn 12. september 1989 í einu eintaki á dönsku, færeysku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

Nr. 20

4. desember 1989

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra.

Norðurlandasamningur frá 9. desember 1988 um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra öðlast gildi 21. desember 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1989 þar sem samningurinn er birtur. Á sama tíma fellur úr gildi Norðurlandasamningur frá 31. janúar 1974 um réttarstöðu starfsfólks við samnorrænar stofnanir, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1975, þar sem samningurinn er birtur, og 7/1976.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. desember 1989.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

Nr. 21

10. desember 1989

AUGLÝSING

um gildistöku viðbótarsamnings nr. 8 við Mannréttindasáttmála Evrópu.

Hinn 1. janúar 1990 öðlast viðbótarsamningur nr. 8 frá 19. mars 1985 við Mannréttindasáttmála Evrópu frá 4. nóvember 1950 gildi, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1987 þar sem viðbótarsamningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. desember 1989.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.